

Tengsl áfengisneyslu ungmenna við kyn- og áhættuhegðun

Fanney Björk Ingólfssdóttir
Guðbjörg Lilja Hilmarsdóttir
Margrét Tórshamar Georgsdóttir

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lokaverkefni til

180 eininga BA gráðu í sálfræði

Hug- og félagsvísindasvið

Mái 2017

Tengsl áfengisneyslu unmennta við kyn- og áhættuhegðun

Faney Björk Ingólfssdóttir
Guðbjörg Lilja Hilmarsdóttir
Margrét Tórshamar Georgsdóttir

12 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Bachelor of Arts-prófi í sálfræði

Leiðbeinandi
Guðmundur Torfi Heimisson

Félagsvísindadeild - Sálfræðibraut
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, maí 2017

Titill: Tengsl áfengisneyslu ungmenna við kyn- og áhættu hegðun
Stuttur titill: Áfengisneysla og áhættu hegðun ungmenna
12 eininga lokaverkefni sem er hluti af Bachelor of Arts-prófi í sálfræði

Höfundarréttur © 2017 Fanney Björk Ingólfssdóttir, Guðbjörg Lilja Hilmarsdóttir og
Margrét Tórshamar Georgsdóttir
Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Sólborg, Norðurslóð 2
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Fanney Björk Ingólfssdóttir, Guðbjörg Lilja Hilmarsdóttir og Margrét Tórshamar
Georgsdóttir, 2017, B.A. verkefni, félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið,
Háskólinn á Akureyri, 40 bls.

Akureyri, maí, 2017

Útdráttur

Markmið þessarar rannsóknar var að athuga hvort að tengsl væru á milli áfengisneyslu og kynhegðunar meðal íslenskra ungmenna, en til þess að skoða það var notast við íslenska hlutann úr gagnasafni hinnar alþjóðlegu rannsóknar *Health Behaviors in School-aged Children* (HBSC). Notast var við svör ungmenna úr 10. bekk frá árunum 2013/2014, en þátttakendur voru samtals 3.431; þar af voru stúlkur 1.696 talsins, og strákar 1.735.

Niðurstöður leiddu í ljós samvirkni á milli magn áfengis, samfara og kyns ($F(3,3414) = 120,2$; $p = 0,01$), en magn áfengis hefur áhrif á það hvort að þátttakendur séu farnir að stunda samfarir óháð kyni. Líkur á því samförum jukust eftir því sem magn áfengis hækkaði.

Fjölbreytudreifigreining sýndi ekki samvirkni á milli kyns og drykkju á notkun smokks eða annarra getnaðarvarna. Hins vegar kom í ljós samvirkni milli getnaðarvarnarpillunnar og kyns á að stunda samfarir ($F(2,888) = 8,281$; $p = 0,01$). Notkun getnaðarvarnarpillu hefur því áhrif á það hvort þátttakendur séu byrjaðir að stunda samfarir ef skoðað er út frá kyni.

Lykilorð: Lotudrykkja unglunga, áfengisdrykkja unglunga, kynlíf, áfengi, kynhegðun, áfengisdrykkja unglunga og áhættuhegðun.

Abstract

The goal of the current study was to examine the link between adolescent alcohol consumption and sexual behavior among Icelandic teenagers, using Icelandic data from the international survey *Health Behaviors in School-aged Children* (HBSC). This research was based on data from 2013/2014, with 3.431 participants including 1,696 adolescent female and 1,735 male. Results indicate a statistically interaction between amounts of alcohol, being sexually active, and gender ($F(3,3414) = 120,2; p = 0,01$). Amount of alcohol affects the likelihood of being sexually active regardless of gender. With increased amount of alcohol consumption followed increased chances of being sexually active. Univariate ANOVA did not support a hypothesis of an interaction between alcohol consumption and use of contraception. It did however support the interaction between the contraceptive pill and gender on being sexually active ($F(2,888) = 8,281; p = 0,01$). Use of the contraceptive pill affects the likelihood of being sexually active regardless of gender.

Keywords: Teenage binge drinking, teenage drinking, sex, alcohol, sexual behavior, teenage drinking and risk behaviour.

Þakkarorð

Við viljum þakka leiðbeinanda okkar Guðmundi Torfa Heimissyni, lektor við Háskólann á Akureyri fyrir þolinmæði og einstaka leiðsögn á meðan ritgerðarskrif stóðu yfir. Það var mjög vel metið hvað hann gaf sér virkilega mikinn tíma fyrir okkur þegar við þurftum á hvatningu og hughreystingu að halda. Einnig viljum við þakka fjölskyldum okkar og nánustu aðstandendum fyrir þolinmæði og stuðning yfir seinustu mánuði. Við viljum líka þakka Baldvini Blæ og Valborgu fyrir yfirlestur og ábendingar.

Efnisyfirlit

Útdráttur	i
Abstract	ii
Þakkarorð	iii
Myndayfirlit	v
Töfluyfirlit	v
Inngangur	1
Áfengisnotkun	2
Kynhegðun	4
Áhættuhegðun	6
Kynhegðun og áfengisnotkun	8
Aðferð	13
Þátttakendur	13
Mælitæki	13
Framkvæmd	14
Niðurstöður	15
Samfarir um ævina	15
Notkun getnaðarvarna við síðustu samfarir	17
Umræða	22
Áframhaldandi rannsóknir og vankantar	25
Samantekt	26
Heimildir	27

Myndayfirlit

<i>Mynd 1</i> Tíðni samfara um ævina eftir kyni.....	16
<i>Mynd 2</i> Tíðni notkun smokks eftir kyni.....	17
<i>Mynd 3</i> Samband drykkjuvenja og kyns á hvort samfarir hefðu átt sér stað	20

Töfluyfirlit

Tafla 1 <i>Spurningar úr Heilsa og lífskjör skólanema 2013/14</i>	14
Tafla 2 <i>Drykkjuvenjur miðað við kyn</i>	18
Tafla 3 <i>Samfarir miðað við kyn</i>	19

Inngangur

Áfengi er talið vera orsök u.þ.b. 4% af sjúkdóma í heiminum, en margir sjúkdómar hafa verið tengdir við of mikla áfengisneyslu. Þetta vandamál á sérstaklega við um hátekjusamfélög, og er það mest meðal karla (McCambridge, McAlaney og Rowe, 2011). Meira en einn fimmti hluti íbúa í Evrópu, 15 ára og eldri, drekkur áfengi í miklu magni. Þegar talað er um mikið magn áfengis er átt við um fimm eða fleiri drykki við hvert tilefni, eða 60 grömm af alkahóli, að minnsta kosti einu sinni í viku (World Health Organization, 2017). Þrátt fyrir að tengsl séu á milli notkunar áfengis í miklum mæli, ýmissa sjúkdóma og jafnvel dauða, þá hefur reynst erfitt að ná stjórn á áfengisneyslu í mörgum löndum, og er enn víðast hvar ófullnægjandi. Kostnaður samfélagsins er einnig mikill. Talið er að stór þáttur áfengisneyslu megi rekja til ýmissa vandamála hjá ungmönnum, en unglíngadrykkja hefur færst í aukana á síðustu misserum (Gallimberti, Chindamo, Buja, Forza, Tognazzo, Galasso, Vinelli o.fl., 2011).

Þau vandamál sem rekja má til mikillar drykkju eru meðal annars slys, morð og sjálfsvíg (aðalega hjá konum). Fleiri þættir spila inn í áfengisneyslu ungs fólks. Þar má nefna meiri hættu á þunglyndi, erfiðleikum í námi, kynferðislegri áreitni og kynlíf án getnaðarvarna (Gallimberti o.fl., 2011). Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á það að unglíngadrykkja hefur sterk tengsl við það að einstaklingurinn þrói drykkjuhegðun sína fram á fullorðinsár, og eigi oft í erfiðleikum með að ná stjórn á eigin drykkju. Einnig hafa rannsóknir tengt mikla áfengisneyslu við dauða snemma á ævinni hjá karlmönnum, oft vegna bílslysa eða sjálfsvíga (McCambridge o.fl., 2011).

Áfengisnotkun

Áfengisfíkn hefur verið og heldur áfram að vera algengt vandamál sem er krefjandi fyrir þá sem af henni þjást. Misnotkun áfengis hefur verið tengd við erfiðleika í flestum þáttum daglegs lífs, en þar á meðal má nefna bísllys og heimilisofbeldi, ásamt fjölda annarra vandamála (Hasin, Stinson, Ogburn og Grant, 2007). Einnig er lotudrykkja unglunga verulega alvarlegt heilsufarsvandamál (Chainey og Stephens, 2014). Margir hafa velt fyrir sér hvað gæti valdið því að unglingar drekki oft og mikið magn í einu. Drykkja foreldra, strangar uppeldisaðferðir og andfélagsleg hegðun unglunga, hefur hvert um sig verið tengt við áfengisnotkun unglunga. Alati og félagar skoðuðu orsakir áfengisnotkunar, en tvö mismunandi þróunarferli áfengisneyslu (alcohol trajectories) fundust í rannsókninni. Annars vegar hópur sem drakk mikið áfengi og hinsvegar hópur sem drakk lítið áfengi. Andfélagsleg hegðun hafði jákvæða fylgni við báða hópa. En strangar uppeldisaðferðir höfðu jákvæða fylgni við áfengisnotkun hjá þeim sem drukku minna áfengi. Einnig kom í ljós að drykkja foreldra, eftir að barn náði 13,5 ára aldri, tengdist meiri áhættu á að unglingur tilheyrði þeim hópi sem drykki mikið áfengi. Drykkja foreldra var ein sterkasta forspá fyrir mismunandi þróunarferli í áfengisdrykkju unglunga. Niðurstöður rannsóknar undirstrika mikl vægi þess að almenn heilbrigðisstefna sé aðgengileg, sem miðar bæði til foreldra og unglunga, um viðhorf til áfengisdrykkju og hegðunar tengdri henni (Alati, R., Baker, Betts, Connor, Little, Sanson, o.fl., 2014).

Fyrrum rannsóknir hafa sýnt fram á að drykkjumynstur, sem lýsir sér þannig að unglingur missir stjórn á áfengisneyslu sinni (á hvaða hátt sem er), er mikilvægasta áfengistengda hegðunin, sem er nauðsynlegt að grípa inn í, vegna líkinda á því að unglingurinn þrói með sér áfengisröskun, eða *Alcohol use disorder* (AUD). Þetta staðfestu niðurstöður Olsson og féлага (Olsson, Romaniuk, Salinger, Staiger, Bonomo, Hulbert og Patton, 2016). Streita og kvíði hefa

verið tengd við áfengisdrykkju, ekki síst meðal unglínga. Ungir námsmenn eru líklegri til að stunda reglulega áfengisdrykkju í lotum, og upplifa oft mikið stress (Goldstein, Déry, Pilgrim, Loan og Becker, 2016). Niðurstöður rannsóknar Goldstein og félaga sýndu fram á að tengsl væru á milli þess að ungir einstaklingar sem mældust með hærri streituþol (stress level), þunglyndiseinkenni og ákveðna alkahól neyslu (alcohol consumption scores) komu ekki eins vel út á minnis- og athyglisprófum (concentration memory task). Niðurstöður rannsóknar bentu til að hjá unglíngum getur lotudrykkja áfengis mögulega valdið heilaskemmdum og hugrænum skerðingum (Goldstein o.fl., 2016).

Árið 2001 var framkvæmd viðamikil könnun innan Evrópu sem bar heitið *The European School Survey Project on Alcohol and other Drugs* (ESPAD). Í könnuninni tóku 21 land í Evrópu þátt og þar sem þátttakendur voru á aldrinum 15-16 ára. Þátttakendur svöruðu spurningalista undir eftirliti sérhæfðra starfsmanna skólans. Niðurstöður leiddu í ljós að töluvert meiri drykkja var hjá unglíngum sem bjuggu á norðurlöndunum og voru þeir unglíngar líklegri til að drekka töluvert meira magn áfengis þar til þeir fundu fyrir miklum áhrifum. Ísland var í hópi þeirra landa sem mældist hvað hæst, þegar kom að mikilli drykkju unglínga. Önnur lönd í þeim hópi voru Bretland, Danmörk, Færeyjar, Finnland, Grænland og Írland. Í þessum löndum, þar sem hvað mest af unglíngadrykkju mældist, voru þátttakendur líklegri til drekka mjög mikið magn áfengis í lotum (*binge drinking*), en loturnar áttu sér oftast stað á kvöldin um helgar. Þessir sömu þátttakendur voru einnig þeir sem voru líklegri til að tengja hluti á borð við persónuleg, sambandsleg og kynferðisleg málefni við drykkjuna. Einnig voru þeir líklegri til að svara því játandi að drykkja áfengis myndi hafa með sér góðar og jákvæðar afleiðingar (Plant og Miller, 2001).

Það sem þótti koma mjög á óvart í niðurstöðum þessarar rannsóknar var að á svæðum þar sem minnst var um unglíngadrykkju, þar voru meiri líkur á því að foreldrar unglíngana hefðu kennt þeim að neyta áfengis inná heimili fjölskyldunnar þar sem foreldrarnir gátu stjórnað aðstæðum. Hinsvegar kom í ljós að í löndum þar sem almennt viðhorf foreldra var að ekki sé við hæfi að kenna eða leyfa unglíngum að drekka áfengi, þar var áfengisneysla unglínga líklegri til að vera töluvert meiri og í áhættusamara formi. Ísland og Bretland eru þau tvö lönd sem sérstaklega eru nefnd í þessu samhengi. Þá voru þessir unglíngar líklegri til þess að drekka áfengi þó svo að þau væru stödd í hættulegri aðstæðum, og voru þá oft með minni hömlur (Plant og Miller, 2001).

Kynhegðun

Erfitt hefur verið að skilgreina nákvæmlega hvað kynhegðun er, og ekki eru allir sammála um hvað felst í slíkri hegðun. Reynt hefur verið að skilgreina kynhegðun sem svo að það sé öll hegðun sem innifelur í sér að einstaklingar sem hana stundi, verði kynferðislega æstir eða örir á meðan henni stendur. Þessi skilgreining hlýtur þó að vera röng að einhverju leyti, þar sem margir verða kynferðislega æstir við t.d. það að lesa erótískar ástarsögur, en ólíklegt þykir að fólk myndi líta svo á að það að lesa erótískar ástarsögu sé kynhegðun eða kynlífs athöfn (Agmo, 2007).

Einnig hefur verið sett fram sú skilgreining að kynhegðun sé öll hegðun sem hefur það markmið að fjölga sér, hvort sem um ræðir dýr eða menn. Þessi útskýring getur ekki verið að öllu leyti rétt, þar sem margir stunda kynlíf án þessa markmiðs, og að auki er oft hluti af kynlífi hjá mörgum að passa uppá að þungun eigi sér ekki stað. Oft er eini tilgangur kynmaka milli einstaklinga, að gera eitthvað sem þeim þykir skemmtilegt og veitir líkamlega og andlega ánægju, en ekki til þess að fjölga mannkyninu. Annað dæmi um afhverju þessi skilgreining geti

ekki verið rétt, er kona sem fer í glasafrjövgun. Ef skilgreiningin er rétt, voru konan og læknirinn sem frjövgaði hana að stunda kynlíf hvort með öðru, en fæstir myndu líta á það sem svo (Agmo, 2007).

Gagnon og Simon héldu fram að kynhegðun væri náttúrulegt fyrirbæri, sem er meðfætt og að munurinn á kynlífi hjá manneskjum og öðrum dýrum væri meðal annars sá, að við notum kynlíf sem nokkurs konar tungumál. Þeir vildu meina að þegar við stundum kynlíf, erum við að tjá okkur við þann einstakling sem við erum að stunda kynlíf með (Gagnon og Simon, 2011). Ekki hefur verið fallist á eina niðurstöðu þegar kemur að skilgreiningu kynhegðunar, en í þessari ritgerð verður kynhegðun skilgreind sem öll sú hegðun sem felur í sér kynmök, munnmök og endaparmsmök. Kynhegðun kemur því oft undir nöfnunum kynmök, samfarir, að sofa hjá og kynlíf (Agmo, 2007).

Rannsóknir hafa sýnt fram á að unglingar séu farnir að stunda kynlíf fyrr á ævinni en áður, en oft geta komið upp allskyns vandamál sem tengjast því að unglिंगarnir séu ekki nógu upplýstir um afleiðingar kynlífs og hvernig þeir skuli haga sér (Bugi og Goodson, 2007). Sem dæmi má nefna þungun og kynsjúkdóma, en kynsjúkdómar eru mjög alvarlegt vandamál, sérstaklega hjá fólki sem sefur reglulega hjá mismunandi einstaklingum án þess að nota getnaðarvarnir (Lalor og McElvanley, 2010). Búi og félagar könnuðu afhverju ungt fólk ákveður að byrja að stunda kynlíf fyrr en seinna, en þeir tóku saman niðurstöður fjölmargra rannsókna og greina, til að finna mögulegar ástæður. Niðurstöður sýndu að áform unglinga um að hafa kynmök kom mjög sterkt fram, þá stunda þeir kynmök einfaldlega vegna þess að þeir ætla sér að gera það og hafa áhuga á því. Einnig var eftirlit foreldra, þrýstingur frá vinum og jákvætt hugarfar gagnvart kynlífi algeng ástæða. Áhugavert er að sjá að það sem hafði mikla fylgni við að byrja að stunda kynmök fyrr á ævinni, var trú unglinganna um að allir vinir þeirra

væru farnir að stunda kynlíf, en það bendir líka til þess að andlegur hópþrýstingur geti einnig komið frá manni sjálfum (Buhi o.fl., 2007).

Áhættu hegðun

Einstaklingar taka mismunandi ákvarðanir varðandi hvernig þeir haga lífi sínu og í sumum tilfellum eru þær ákvarðanir álitnar hættulegar. Þó eru ekki allir sammála um hvað telst vera áhættu hegðun og hvað ekki, en þó hafa fjölmargir reynt að skilgreina nákvæmlega hvað ætti að teljast undir slíka hegðun (Shavit, Rosenboim og Shani, 2014). Skeel og félagar töldu að dæmigerð áhættu hegðun væri t.d. að setjast undir stýri á meðan viðkomandi er undir áhrifum áfengis, að neyta eiturlyfja og stunda óvarin kynmök. Oft er það hvatvísi einstaklinga sem verður til þess að þeir stunda áhættu hegðun, þar sem oft er ekki mikil rökhugsun að baki ákvörðunarinnar, en oft líta þessir einstaklingar frekar á skemmtanagildið, sem endist þó aðeins í stutta stund, frekar en langtíma afleiðingar. Einnig eru aðrar tegundir áhættu hegðunar skilgreindar, en vert er þó að taka fram að sumar eru álitnar samfélagslega samþykktar, en sem dæmi má nefna teygjustökk, að keyra mótórhjól og fallhlífastökk. Þessi dæmi eru ekki það sem höfundar skoða, en einblínt verður meira á hegðun sem samfélagið samþykkir ekki (Skeel, Neudecker, Pilarski og Pytlak, 2007).

Eiturlyfja- og tóbaksnotkun eru góð dæmi um áhættu hegðun. Vitað er að reykingar hafa slæm áhrif á unglunga sem og aðra, en fyrir utan sígarettur eru kannabis efni mjög oft fyrsta efnið sem unglingar nota. Á seinni árum hefur það aukist að ungt fólk sé að nota áfengi og önnur efni, bæði mun fyrr, í meiri mæli og oftar en áður (Veselska, Geckova, Orosova og Reijneveld, 2008). Annað dæmi um hegðun í tengslum við kynhegðun sem samfélagið samþykkir ekki eru unglingar sem byrja að stunda kynlíf mjög snemma á ævinni. Af unglingum í Bandaríkjunum eru

60-70% byrjaðir að stunda kynlíf, eða einhvers konar kynhegðun, áður en þau verða 18 ára.

Fyrstu kynlífsathafnir eru yfirleitt með gagnstæðu kyni (Zimmer-Gembeck og Helfand, 2008).

Niðurstöður úr könnun Zimmer-Gembeck o.fl., sýndu að það að byrja að stunda kynmök snemma á ævinni hefði fylgni við lítið eftirlit foreldra, og því að vera opin fyrir nýjungum þegar kemur að kynlífi, en þegar niðurstöður voru svo settar upp eftir aldri, kom í ljós að því yngri sem einstaklingurinn er þegar hann byrjar að stunda kynlíf, því meiri fylgni hefur það við að nota áfengi, ganga illa í skóla og sýna einkenni þunglyndis. Hins vegar hafði það að bíða til 18 ára aldurs með kynlíf fylgni við að gefa trúar- eða kvíðatengdar ástæður (Zimmer-Gembeck o.fl., 2008). Einnig hefur verið sýnt fram á tengsl milli þess að senda klúr símskeyti til einhvers og þess að vera undir áhrifum áfengis, sofa hjá einstaklingnum sem skeytið var sent til, og að nota ekki verjur í kynlífinu, en skeytin eru oft send undir áhrifum áfengis (Benotsch, Snipes, Martin og Bull, 2013).

Sýnt hefur verið fram á tengsl milli þess að byrja að stunda kynlíf snemma og að stunda áhættukynhegðun. Í rannsókn sem framkvæmd var árið 2014 sýndu niðurstöður fram á að hegðunarvandamál og andfélagsleg áhrif frá jafnöldrum væri stærsti áhrifaþátturinn í þróun þess að stunda áhættukynhegðun, mun frekar heldur en það að hafa byrjað að stunda kynlíf snemma. Þessar niðurstöður benda til þess að mikilvægt sé að skoða snemmkomna kynlífshegðun í samhengi við ákveðna undanfara. Opinber forvarnafræðsla sem einungis miðar að því að seinka kynlífsiðkun ungmenna er ólíkleg til þess að minnka áhættukynhegðun á meðal ungmenna (Epstein, Bailey, Manhart, Hill og Hawkins, 2014).

Því fyrr sem ungmenni byrja að drekka áfengi, þeim mun hærra eru líkurnar á stigvaxandi drykkju með aldrinum, auk annarra tengdra vandamála, og þess að stunda áhættuhegðun. Hins vegar er ekki vitað afhverju áfengisdrykkja í litlu magni, á fyrri hluta táningsára, myndi leiða til

seinni tíma vandamála (Kuntsche, Rossow, Simons-Morton, Bogt, Kokkevi og Godeau, 2012). Tengsl hafa fundist á milli áfengisdrykkju og ákveðinna tegunda af áhættuhegðun. Í rannsókn Kuntsche og féлага voru tegundir áhættuhegðunar reykingar, kannabis notkun, meiðsl/slagsmál og léleg frammistaða í skóla. Hins vegar voru þessar niðurstöður einungis tengdar við þau ungmenni sem urðu verulega drukkin sökum þess að þau neyttu mikils magns áfengis, en ekki við þau ungmenni sem neyttu lítils magns. Aldur þeirra ungmenna sem neyttu áfengis í fyrsta skipti var ekki forspá fyrir áhættuhegðun (Kuntsche o.fl., 2012).

Kynhegðun og áfengisnotkun

Áfengi og kynlíf fara oft saman, sem í sumum tilfellum felur í sér áhættuhegðun, en margar rannsóknir hafa verið gerðar til að skýra hvort notkun áfengis auki líkurnar á ýmis konar áhættuhegðun. Niðurstöður þessara rannsókna hafa sýnt fram á að það að neyta áfengis oft, og í miklu magni hefur tengsl við fjölmarga áhættuhegðun, og þá sérstaklega þegar kemur að kynhegðun. Þar á meðal má nefna að fjöldi bólfélaga eykst, líkur á notkun getnaðarvarna minnkar og þar af leiðandi aukast líkur á ótímabærri þungun, sem leiðir svo oft til þess að unglingsstúlkur fari í fóstureyðingu. Auknar líkur á áhættuhegðun í kynlífi má oft tengja við undirliggjandi hvatvísi hjá þeim einstaklingum sem hana stunda, en oft er einnig áfengis notkunin tengd við þess konar hegðun, en hvatvísi gæti þá bent til þess að einstaklingurinn drekki óhóflega án þess að hugsa út í afleiðingarnar (Boden og Fergusson, 2011).

Rannsókn Ritchwood o.fl. snéri að því að athuga hvort að einhverskonar vímuefnaneysla hækkaði líkur á þeirri áhættukynhegðun að sleppa því að nota smökk (Ritchwood, DeCoster, Metzger, Bolland og Danielson, 2016). Niðurstöður sýndu sterk tengsl á milli vímuefnanotkunar og áhættukynhegðunar, en tengsl fundust á milli áhættukynhegðunar og allra vímuefna sem

skoðuð voru í sitthvoru lagi. Einnig gáfu niðurstöður til kynna að kókaín og kannabis hefðu mest áhrif á að auka áhættukynhegðun, sem kom verulega á óvart, en algengt er að almenningur telji að áfengi hafi mun meiri áhrif á slíka hegðun hjá einstaklingum frekar en kannabis. Algengast var þó að kókaín kæmi við sögu hjá þeim sem slepptu því að nota smokkinn, þegar þau voru undir áhrifum (Ritchwood o.fl., 2016).

Þegar kemur að áfengisneyslu og áhættukynhegðun unglunga er mikilvægt að skoða þau tengsl sem mögulega gætu verið við umhverfi og aðstæður unglunganna, sem gætu á einhvern hátt skýrt hegðun þeirra. Vert er að skoða félagslega þætti, tengsl við fjölskyldu og vini, heimilisaðstæður og almenn viðhorf unglingsins, svo eitthvað sé nefnt. Í rannsókn sem framkvæmd var í Englandi skoðuðu Plant og félagar (1990) hvaða þekkingu, viðhorf, reynslu, hvatningu og félagslegt samhengi, unglingar hefðu í tengslum við drykkju. Niðurstöður rannsóknarinnar skilgreindu muninn á þekkingu og viðhorfi unglunga sem drukku mikið, og þeirra sem drukku lítið eða ekkert áfengi (Baghall, Foster og Plant, 1990).

Þegar skoðuð var þekking þátttakenda á áfengi, leiddu niðurstöður í ljós að þekking þátttakenda sem féllu undir skilgreininguna að drekka mikið voru ekki marktækt ólík viðhorfum þeirra sem drukku lítið eða ekkert. Þegar kom að viðhorfi þátttakenda til áfengis fannst hinsvegar munur og kom meðal annars í ljós að þeir þátttakendur sem að drukku mikið áfengi, voru líklegri til að telja unglingadrykkju ekki sem alvarlegt vandamál í Bretlandi eða á öðrum svæðum. Einnig fannst munur á því á milli þátttakenda, á hvaða aldri þau teldu að fólk ætti löglega að mega byrja að drekka áfengi. En þeir þátttakendur sem að drukku mikið voru líklegri til að gefa upp mun lægri aldur en þeir sem drukku lítið eða ekkert áfengi (Baghall o.fl., 1990).

Töluverður munur var á svörum þátttakenda sem drukku mikið og á svörum þátttakanda sem drukku lítið eða ekkert, þegar kom að spurningum um áfengistengda reynslu. Þátttakendur

sem drukku meira voru líklegri en aðrir til að hafa keypt áfengi með ólöglegum hætti, og voru líklegri til að hafa sest upp í bifreið sem ekið var af einstakling sem var undir áhrifum áfengis. Drengir sem drukku mikið voru líklegri til að telja það óhætt að keyra bíl eftir að hafa verið að drekka áfengi (Baghall o.fl., 1990). Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að mikill munur sé á viðhorfi þeirra sem drekka mikið og viðhorfi þeirra sem drekka lítið eða ekkert. Þeir sem drekka mikið voru líklegri til að koma sér í margvíslegar áhættusamar aðstæður tengdar áfengisneyslunni. Þetta bendir til þess að unglingar sem að drekka mikið magn áfengis eru líklegri til að koma sér í aðstæður sem gætu reynst þeim varúðarsamar eða taka þátt í ólögmætu og jafnvel hættulegu athæfi (Baghall o.fl., 1990).

Tucker og fleiri gerðu einnig rannsókn sem miðaði að því að finna út hvort vímuefni hefðu áhrif á áhættukynhegðun. Þátttakendur rannsóknar voru heimilislaus ungmenni. Ef mikil tengsl eru milli vímuefna og áhættukynhegðunar er hægt að álykta að þeir einstaklingar samfélagsins sem nota vímuefni hvað mest, sem eru þá heimilislausir einstaklingar, mælist því líka með háa áhættukynhegðun (Tucker, Ryan, Golinelli, Munjas, Wenzel, Kennedy, Green og Zhou, 2012). Niðurstöður úr rannsókninni sýndu að meiri en helmingur þátttakenda notaði ekki smokk í seinustu kynlífs athöfn, en einnig var vímuefnanotkun fyrir samfarir algeng. Algengast var að ungmennin notuðu amfetamín, en niðurstöður sýndu tengsl milli sterkra efna, þess að neyta áfengis í miklu magni og áhættukynhegðunar (Tucker o.fl., 2012). Þegar fólk er undir áhrifum áfengis eru meiri líkur á að þeir stundi kynlíf án þess að nota getnaðarvarnir, þá sérstaklega konur. Sambandið verður meira eftir því sem meira magn áfengis er innbyrt (Kiene, Barta, Tennen og Armeli, 2009).

Svipuð rannsókn var gerð árið 2010 en Simons og félagar athuguðu þá hvort tengsl væru milli áfengisdrykkju, kannabisreykinga, og áhættusams kynlífs. Niðurstöður voru fengnar frá

þeim unglingum sem höfðu greint frá því að þau drykkju áfengi a.m.k. einu sinni í viku á síðustu sex mánuðum. Þeir sem bæði reyktu kannabis og drukku, áttu það til að drekka oftar í viku en hinir sem eingöngu drukku. Niðurstöður sýndu mikil tengsl milli drykkju og áhættu kynhegðunar, en einnig var há fylgni við hvatvísi (Simons, Maisto og Wray, 2010).

Margir andlegir kvillar geta þó fylgt áfengisneyslu hjá ungu fólki, en í rannsókn Swahn og féлага var athugað hvort að áfengisneysla á ungum aldri tengdist sjálfsvígshægðun og öðrum andlegum kvillum. Niðurstöður sýndu að þeir unglingar sem byrjuðu ungir að drekka, voru líklegri til sjálfsvígshugsana og tilrauna, heldur en þeir sem drukku ekki eða byrjuðu seinna. Því er ljóst að óhófleg áfengisneysla hefur ekki aðeins slæmar líkamlegar afleiðingar, heldur einnig andlegar (Swahn og Bussarte, 2007). Þegar kemur að þeirri kenningu að áfengi hafi áhrif á það að unglingar taki frekar áhættur í kynlífi, er eðlilegt að velta fyrir sér hvort að það eigi líka við um fólk sem þarf, að einhverju leyti, meira að passa sig þegar kemur að getnaðarvörnum, en aðrir. Til dæmis þeir einstaklingar sem bera smitandi kynsjúkdóma (Shuper, Joharchi, Irving og Rehm, J, 2009).

Shuper o.fl. Tóku saman 38 rannsóknir þar sem skoðað var tengsl milli áfengisnotkunar og minni líkum á notkun getnaðarvarna meðal fólks sem er smitað af alnæmi (*HIV*). Niðurstöður sýndu að töluverð tengsl væru milli áfengisneyslu fólks með alnæmi, og aukins kæruleysis við notkun getnaðarvarna. Því er ljóst að ef einstaklingar sem þurfa nauðsynlega að passa upp á getnaðarvarnir í kynlífi sínu, eru líklegri til að gera það ekki ef að áfengi kemur við sögu, að hægt sé að álykta að það eigi einnig við um marga aðra (Shuper o.fl., 2009).

Rannsóknarspurningin sem leitast verður eftir að svara í þessari rannsókn er: “ Hver eru tengsl áfengisneyslu unglinga í 10 bekk við áhættukynhegðun?”. Tilgátur sem lagðar eru fram eru þrjár:

1. Tengsl eru á milli áfengisneyslu unglunga og þess að byrja snemma að stunda samfarir.
2. Tengsl eru á milli magn áfengis sem unglingar neyta og áhættukynhegðunar.
3. Tengsl eru á milli kyns og notkun getnaðarvarna.

Aðferð

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) stendur fyrir alþjóðlegri rannsókn sem kallast *Heilsa og lífskjör skólanema 2013/14* (HBSC). Rannsóknin er alþjóðlegur samanburður íslenskra ungmenna. Rannsóknin metur heilsu og lífskjör skólabarna og er eitt af markmiðum hennar að efla þekkingu á stöðu ungmenna og sýna hverjar þeirra aðstæður eru eftir skólum og sveitafélögum. Rannsóknin nær til um 200.000 skólabarna sem eru búsett í um 40 löndum. Upplýsingum er safnað á fjögurra ára fresti (Currie o.fl., 2008). Rannsóknin er lögð fyrir nemendum í 6, 8 og 10 bekk. Meðal þess sem skoðað er er lífsánægja, félagsleg tengsl, slys, kynhegðun, fíkniefnanotkun, áfengisdrykkja og þættir tengdir sjálfsáliti, svo eitthvað sé nefnt. Rannsóknarsetur forvarna við Háskólann á Akureyri sér um að leiða rannsóknina á Íslandi í samvinnu við Háskólasjóð KEA, Lýðheilsustöð og forvarnarsjóð (Þóroddur Bjarnason, Andrea Hjálmsdóttir og Ársæll Már Arnarsson, 2010). Ýmsir fræðimenn koma að sögu rannsóknarinnar.

Þátttakendur

Allir grunnskólar á landinu tóku þátt í rannsókninni sem var lögð fyrir nemendum í 10 bekk á Íslandi. Stúlkur voru 1.696 eða 49,3% og drengir voru 1.735 eða 50,7%. Samtals voru þátttakendur 3.431.

Mælitæki

Spurningarlistinn samanstendur af 112 spurningum og í þessari rannsókn var notast við þær spurningar sem voru viðeigandi fyrir markmið rannsóknar. Notast var við grunnupplýsingar um

Þátttakendur og unnið var með spurningar sem tengdust áfengisneyslu, kynhegðun og notkun getnaðarvarna. Spurningar sem nýttar voru við úrvinnslu má sjá hér fyrir neðan (sjá töflu 1):

Tafla 1
Spurningar úr Heilsa og lífskjör skólanema 2013/14

Flokkur	Spurning	Valmöguleikar
Kyn og kynferði	51. Hefur þú einhverntímann haft samfarir (stundum kallað að sofa hjá)?	Nei, já, með strák, já, með stelpu
	52. Þegar þú hafðir samfarir síðast, notaðir þú eða aðilinn sem þú varst með smokk?	Ég er ekki viss, já, nei
	53. Þegar þú hafðir samfarir síðast, notaðir þú eða aðilinn sem þú varst með getnaðarvarnarpillu?	Ég er ekki viss, já, nei
	54. Þegar þú hafðir samfarir síðast, notaðir þú eða aðilinn sem þú varst með rofnar samfarir sem getnaðarvörn?	Ég er ekki viss, já, nei
	55. Þegar þú hafðir samfarir síðast, notaðir þú eða aðillinn sem þú varst með aðrar ráðstafanir til getnaðarvarna?	Ég er ekki viss, já, nei
Vímuefni	75. Hversu marga áfenga drykki færð þú þér yfirleitt í þau skipti sem þú notar áfengi? Viðmið er 330 ml bjór = 140 ml léttvín = 80 ml sérrý, líkjör = 40 ml sterkt áfengi	Ég drekk aldei áfengi, minna en einn drykk, 1 drykk, 2 drykki, 3 drykki, 4 drykki, 5 eða fleiri drykki

Framkvæmd

Spurningalistinn var lagður fyrir börn í 10. bekk á skólatíma en kennari, starfsfólk grunnskólans og rannsakendur lögðu spurningalistann fyrir ungmenninn. Nemendum var strax í upphafi gert grein fyrir því að þau væru ekki skyldug til að svara tilteknum spurningum eða listanum í heild. Gætt var að trúnaði og nafnleynd.

Niðurstöður

Tilgangur þessarar rannsóknar var að athuga tengsl á milli áfengisneyslu unglunga í 10 bekk á Íslandi við það hvort að þau hafi haft samfarir, en einnig var athugað hvort að smokkur eða aðrar getnaðarvarnir hafi verið notaðar við seinustu samfarir. Við úrvinnslu gagna var notast við SPSS tölfraeðiforritið (útgáfa 20.0). Til að komast að niðurstöðum voru gerðar tíðni- og krosstöflur, kí-kvaðrat próf (e. *Chi square test*), einföld dreifigreining (e. *One-way ANOVA*), Tukey eftirápróf og fjölbreytudreifigreining (e. *Factorial ANOVA*). Öryggismörk voru 0,05.

Samfarir um ævina


Notast var við einfalda dreifigreiningu til að skoða hvort að samband væri á milli kyns, samfara og drykkjuhegðunar, og hvort samband væri milli kyns og samfara. Munur fannst ekki á milli kyns með tilliti til drykkju og fjölda drykkja sem þátttakendur drekka hverju sinni. Það þýðir að drykkjuhegðun er ekki háð kyni. Þegar skoðað var svo samband milli samfara og drykkjuhegðunar voru niðurstöður í flestum tilfellum marktækar með tilliti til fjölda drykkja. Til að bera hópana saman innbyrðis var notast við Tukey-próf, en borið var saman muninn á þeim hópum sem drukku minna en einn drykk, á móti þeim sem drukku fleiri drykki, og alveg upp í fimm eða fleiri drykki. Við nánari athugun kom í ljós að það hvort að samfarir hafi átt sér stað er mismunandi eftir magni drykkja, en þó var ljóst að fleiri próf þurfti að gera til að staðfesta þetta.



Mynd 1 Tíðni samfara um ævina eftir kyni

Þátttakendur sem svöruðu spurningu er varðar tíðni samfara um ævina voru 98% af heildarfjölda (sjá töflu 1). Munur á tíðni samfara eftir kynjum var ekki mikill, en af þeim sem höfðu stundað kynlíf voru strákar aðeins hærri en stelpur. Flestir þeirra sem svöruðu höfðu aldrei stundað samfarir, þ.e. 77% stelpna og 75,6% stráka. Örlítill munur var á kynjunum þegar kom að því að stunda samfarir með hinu kyninu, en strákar sem sögðust hafa stundað samfarir með stelpum voru 23,1%, en stelpur sem sögðust hafa stundað samfarir með strákum voru 21,2%. Þeir sem svöruðu því játandi að hafa sofið hjá bæði stelpu og strák voru 0,9% stelpur en 0,4% strákar (sjá mynd 1). Sá hópur sem fellur í þann flokk að hafa stundað samfarir, er sá hópur sem höfundar vildu skoða betur, með tilliti til drykkjuhegðunar og notkun getnaðarvarna.

Notkun getnaðarvarna við síðustu samfarir



Mynd 2 Tíðni notkun smokks eftir kyni

Þátttakendur sem svöruðu eftirfarandi spurningu voru 26% af heildarfjölda (sjá töflu

1). Spurningin miðar að því að spyrja þátttakendur hvort þeir, eða aðilinn sem þau stunduðu samfarir með, hafi notast við smokk við seinustu samfarir. Kynjamunur var mestur hjá þeim sem notuðust ekki við smokk við síðustu samfarir. Stelpur voru 36% en strákar 28,6%. Þegar skoðað var hvort þátttakendur svöruðu því að þau væru ekki viss um það hvort smokkur hafi verið notaður eða ekki, voru stelpur fleiri en strákar, en stelpur sem sögðust ekki vera vissar voru 7,2%, en strákar 4,3% (sjá mynd 1). Gert var kí-kvaðrat próf til að athuga hvort að samband væri milli drykkjuhegðunar og minnisleysis um hvort smokkur var notaður við síðustu samfarir.

Skoðað var hópana innbyrðis með Tukey eftiraprófi. Ekki var marktækt samband milli hópanna.

Fjölbreytudreifingreining sýndi að ekki væri samvirkni milli kynja og notkunar smokks.

Þetta þýðir að það hvort að smokkur hafi verið notaður við seinustu samfarir hefur ekki áhrif á drykkjuhegðun út frá kyni. Ekki kom heldur í ljós samvirkni á milli kyns og drykkjuhegðunar á

notkun smokks, en það þýðir að drykkjuhegðun hefur ekki áhrif á notkun smokks út frá kyni, með öðrum orðum er ekki munur á milli kynjanna þegar kemur að notkun smokks. Breytan um notkun smokks sýndi ekki heldur samband ein og sér við hinar breyturnar, en mögulega gæti það verið vegna þess að stærsti hópur þátttakenda var sá sem sagðist ekki vera byrjaður að stunda samfarir.

Til að athuga hvort að getnaðarvarnarpillan hafi verið notuð við seinustu samfarir hefði samvirkni við kyn var gerð fjölbreytudreifigreining. Niðurstöður sýndu samvirkni ($F(2,888) = 8,281; p < 0,01$), en það þýðir, að það að nota getnaðarvarnarpilluna hefur áhrif á það hvort einstaklingur sé byrjaður að stunda samfarir út frá kyni. Hinsvegar sýndi kí-kvaðrat próf ekki samband á milli getnaðarvarnarpillu og magn áfengis, en ekki var heldur samband á milli magn áfengis og notkun rofinna samfara eða annarra getnaðarvarna. Einnig var gerð fjölbreytudreifigreining til að athuga hvort að rofnar samfarir hefðu samvirkni við kyn, en niðurstöður sýndu að svo var ekki. Aðrar getnaðarvarnir höfðu ekki heldur samvirkni við kyn. Ákveðið var að einblýna frekar á hinar þrjár breyturnar til frekari athugunar.

Tafla 2


Drykkjuvenjur miðað við kyn

<i>Tafla 2</i>		
<i>Drykkjuvenjur miðað við kyn</i>		
Áfengir drykkir	Stelpur (N=1700)	Strákar (N=1722)
Drekkur ekki áfengi	74,4%	77,8%
Minna en einn drykk	7,3%	6,4%
1 drykk	4,2%	3,6%
2 drykki	3,3%	3,1%
3 drykki	3,0%	2,6%
4 drykki	2,5%	1,8%
5 drykki eða fleiri	5,4%	4,6%

Til að skoða hvort það að vera byrjuð/byrjaður að stunda samfarir hafi tengsl við magn áfengis sem unglingar í 10. bekk drekka hverju sinni var notað kí-kvaðrat próf. Niðurstöður sýndu að líkur aukast töluvert þegar drukkið er einn til tvo drykki, ekki eru jafn háar líkur á þriðja og fjórða drykk, en aukast líkurnar svo aftur eftir því sem drykkjum fjölga. Af þeim þátttakendum sem drekka fimm eða fleiri drykki við hvert tilefni voru 13,5% þátttakenda sem svöruðu því játandi og sögðust vera byrjaðir að stunda samfarir með stelpum, en 14,8% með strákum, á móti því að 8,0% af þeim sem drekka minna en einn drykk hverju sinni sögðust vera byrjuð að stunda samfarir með stelpum, en 7,6 með strákum. Niðurstöður sýndu því að samkvæmt þessari könnun er líklegt að einstaklingar sem drekka meira magn áfengis í einu séu líklegri til að vera byrjaðir að stunda kynlíf, heldur en þeir sem drekka minna. Þeir sem sögðust stunda kynlíf með báðum kynjum, og héldu því jafnframt fram að þeir drekki ekki áfengi, voru aðeins 7,7% af heildinni. Hinsvegar af þeim sem sögðust stunda kynlíf með báðum kynjum, sögðu 65,4% af þeim drekka fleiri en fimm drykki þegar áfengi var við hönd, en þar sést gríðarlegur munur ($X^2(18,3505)=727,077;p<0,05$).

Tafla 3
Samfarir miðað við kyn

Hefur þú sofíð hjá?	Stelpur (N=1713)	Strákar (N=1744)
Nei	77,0%	75,6%
Já, með strák	21,2%	0,4%
Já, með stelpu	0,9%	23,1%



Mynd 3 Samband drykkjuvenja og kyns á hvort samfarir hefðu átt sér stað

Til að kanna mun og samvirkni á magn áfengis, samförum og kyni var gerð fjölbreytudreifigreining. Niðurstöður sýndu að magn áfengis hefur áhrif á það hvort að þátttakendur séu byrjaðir að stunda samfarir óháð kyni ($F(3,3414) = 120,2; p = 0,01$). Aftur á móti fannst línulegt samband óháð kyni, milli magn áfengis og kyns ($F(3,3414) = 8,271; p = 0,01$). Það þýðir að áhrif drykkju á kynhegðun voru mismunandi milli kynja. Líkur á því hvort að þátttakendur væru farnir að stunda samfarir hækkuðu alla jafna hjá báðum kynjum eftir því sem magn drykkja fjölgaði, en þó örlítið meira hjá stelpum heldur en strákum. Á þessu var ein undantekning, en það var hjá þeim sem svörðu því að hafa sofið hjá strákum og drekka yfirleitt

þrjá drykki, en hlutfallið virtist aukast svo aftur þegar drykkjum fjölgaði. Athugavert er að sjá að samkvæmt niðurstöðum virðast þeir þátttakendur sem tilkynna um það að hafa sofið hjá sama kyni, drekka jafnframt meira en þeir sem sofa hjá gagnstæðu kyni. Einnig sýndi sá hópur sem tilkynnti að hafa sofið hjá báðum kynjum, meira magn drykkju en hinir. Ekki fannst marktækur munur milli kynja í þeim hóp sem hefur aldrei stundað samfarir.

Fremur sterk tengsl eru á milli þess að drekka mikið magn af áfengi og að vera byrjaður/byrjuð að stunda kynlíf. Þessar niðurstöður eru þó fengnar með þeim fyrirvara að langstærsti hópur unglíngana er sá sem gerir hvorugt. Samkvæmt gögnunum virðist það vera sem svo að þeir sem eru byrjaðir að stunda kynlíf eru flestir í þeim hópi þátttakenda sem drekka fimm eða fleiri drykki hverju sinni, en athyglisvert er að sjá að kynjamunur virðist einnig vera í niðurstöðum: Af þeim sem sögðust stunda kynlíf með stráku voru 363 af þeim 379 sem svöruðu, stelpur, en af þeim sem sögðust stunda kynlíf með stelpum, voru strákar 402 talsins á móti 15 stelpum. Þátttakendur sem svöruðu sem svo að þau hafi stundað kynlíf með stráku, og drykkju minna en einn drykk, voru 7,6%, en þau sem stunduðu kynlíf með stráku en drukku fimm drykki eða meira voru 14,8%. Hér sést því að breytan ‚drykkjuvenjur‘ hefur mikil áhrif á breytuna ‚samfarir‘. Af þeim sem sögðust stunda kynlíf með stelpum en drekka minna en einn drykk voru 34 talsins, eða 8%. Þau sem sögðust stunda kynlíf með stelpum og drekka fimm drykki eða meira voru 13,5%. Hér sést því einnig munur á samfara breytunni eftir því sem drykkir aukast, en þó ekki jafn mikill munur og sést í hópnum af þeim sem stunda kynlíf með stráku, en þar eru stelpur í miklum meiri hluta. Í seinasta hópnum, eða þeir sem segjast stunda kynlíf með stelpum og stráku, eru það 16 stelpur á móti sjö stráku. Þau sem eru í þeim hóp og drekka minna en einn drykk eru 6,7% af hópnum, en þau sem drekka fimm drykki eða fleiri

eru 65,4% af þeim sem stunda kynlíf með stelpum og stráköm. Þar sést gríðarleg aukning frá fyrsta drykk.

Niðurstöður sýna því að í öllum þeim hópum sem falla undir þá skilgreiningu að vera byrjuð að stunda kynlíf, og að drekka áfengi, er alltaf sterk fylgni við áfengismagn. Tengsl kynja og notkun smokks eða annarra getnaðarvarna voru athuguð snemma í ferlinu en sökum þess að ekki er mikil fylgni þar á milli var ákveðið að einblýna frekar á seinni breytur. Einnig benda niðurstöður til þess að samvirkni sé á milli kyns og drykkju á samfarir, en kyn hafði þó ekki áhrif á samfarir einar og sér. Drykkjuhegðun virðist þó ekki hafa áhrif á notkun getnaðarvarna, en þegar skoðaðar eru getnaðarvarnir í tengslum við kyn, virðist getnaðarvarnarpillan hafa samband við kyn, en þó engar aðrar getnaðarvarnir.

Umræða

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna tengsl áfengisneyslu unglíngja í 10. bekk við áhættukynhegðun. Settar voru fram þrjár tilgátur. Tilgáta eitt var studd, en hún var sú að tengsl væru á milli áfengisneyslu unglíngja og þess að byrja snemma að stunda samfarir. Niðurstöður kíkvaðrat prófs sýndu að meiri líkur væru á að unglíngjar í 10. bekk byrjuðu að stunda kynlíf fyrr ef þau væru byrjuð að neyta áfengis. Niðurstöður voru að einstaklingar sem drekka meira magn áfengis í einu eru líklegri til að vera byrjaðir að stunda kynlíf, heldur en þeir sem drekka minna. Tilgáta tvö var ekki studd, en hún var sú að tengsl væru á milli magn áfengis sem unglíngjar neyta og áhættukynhegðunar. Drykkjuhegðun hafði ekki áhrif á notkun smokks eða annara getnaðarvarna óháð kyni. Tilgáta þrjú var ekki studd en þó ekki alveg hrakin, en hún var sú að tengsl væru á milli kyns og notkun getnaðarvarna. Tengsl fundust milli kyns og getnaðarvarnarpíllunnar, en ekki annarra getnaðarvarna.

Fremur sterk tengsl eru á milli þess að drekka mikið magn af áfengi og að vera byrjaður/byrjuð að stunda kynlíf. Þessar niðurstöður eru þó fengnar með þeim fyrirvara að langstærsti hópur unglíngana sem svöruðu könnuninni er sá sem gerir hvorugt. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður fyrri rannsókna sem framkvæmdar hafa verið í Evrópu. En eins og áður hefur verið nefnt að þá var framkvæmd víðamikil könnun í Evrópu sem nefnist *The European School Survey Project on Alcohol and other Drugs* (ESPAD). Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að mest væri um áfengisdrykkju á meðal 15-16 ára ungmenna á norðurlöndunum og var Ísland eitt af þeim löndum þar sem unglíngadrykkja mældist hvað hæst (Plant, og Miller, 2001). Þessar niðurstöður gefa til kynna að mun meiri drykkja hefur mælst á meðal ungmenna á Íslandi heldur en nýjustu niðurstöður HBSC rannsóknarinnar segja til um. Rannsakendur velta því upp spurningunni hvort að HBSC gagnasafnið gefi nægilega réttmæta sýn á áfengisdrykkju íslenskra ungmenna.

Plant og félagar fundu tengsl á milli uppeldisaðferða foreldra og viðhorfs samfélagsins til áfengisdrykkju og þess að unglíngar drykkju meira magn áfengis og væru líklegri að stunda áhættu hegðun tengda drykkjunni. En íhaldsamt viðhorf til áfengisdrykkju, þar sem ungmennum er bannað að neyta áfengis þar til þau eru orðin sjálfráða, jafnvel eldri, gerði það líklegra að ungmennin drykkju meira, og í laumi. Út frá þessum niðurstöðum velta höfundar fyrir sér hvort að almennt viðhorf í samfélaginu gagnvart unglíngadrykkju sé mögulega stór áhrifaþáttur í því hvort að unglíngar drekki of mikið magn áfengis og stundi tiltekna áhættu hegðun.

Niðurstöður fjölbreytudreifigreiningar sýndu að magn áfengis hefur áhrif á það hvort að þátttakendur séu byrjaðir að stunda samfarir óháð kyni, einnig fannst samband á milli magns áfengis og kyns. Af þátttakendum höfðu 417 sofið hjá stelpum en 402 sofið hjá stráku. Þær stelpur sem sögðust hafa sofið hjá sama kyni voru 15 talsins. Ef litið er á þessar 15 stelpur, þá

sést munur út frá magni áfengis samanborið við aðra þátttakendur. Einnig sást munur á þeim stelpum sem höfðu sofið bæði hjá stelpum og strákom, en þessi hópur drakk meira magn áfengis. Svipaða útkomu mátti sjá hjá strákom sem höfðu sofið hjá strákom, en þeir drukku einnig meira magn áfengis en þeir strákar sem höfðu sofið hjá stelpum. Niðurstöður gefa því til kynna að sá hópur sem stundar kynlíf með sama kyni, sé líklegri til að stunda áhættuhegðun á borð við það að drekka áfengi undir lögaldri.

Rannsakendur velta því fyrir sér hvort að nauðsynlegt sé að bæta við spurningum í HBSC sem nær betur yfir kynhneigð og kynvitund unglunga til að fá réttari sýn á þeim hópi sem mögulega á í vandræðum með að skilgreina viðeigandi kynhneigð og kynvitund fyrir sig sjálf. Lítið er um rannsóknir á Íslandi fyrir unglunga sem upplifa kynáttunarvanda (gender dysphoria) og/eða skilgreina sig sem *transgender*, þessum hópi er algjörlega litið fram hjá í HBSC og höfundar telja mikilvægt að viðeigandi breytingar séu gerðar til þess að gera ráð fyrir þessum hóp og þannig leggja grunn að mikilvægum rannsóknum og tölfræði í framtíðinni.

Tilgáta tvö var ekki studd, en hún miðaði að því að magn áfengis hefði áhrif á það hvort getnaðarvarnir yrðu notaðar eða ekki. Mögulega gætu niðurstöður úr þessari rannsókn verið háðar þeirri breytu að langstærsti hópur þátttakenda var sá sem ekki var byrjaður að stunda samfarir. Þegar gerð voru tölfræðileg próf til að kanna þetta samband kom í ljós að ekki var marktækur munur. Athugavert var þó að sjá að kynjamunur var mestur hjá þeim sem sögðust ekki hafa notað smokk við seinustu samfarir, en þá voru stelpur líklegri til að svara því en strákar, en 26% þátttakenda svöruðu þeirri spurningu (sjá mynd 2). Niðurstöður sýndu ekki heldur marktækann mun á notkun getnaðarvarnarpillunnar, rofinna samfara eða annarra getnaðarvarna og magn áfengis.

Í HBSC er ekki samband þarna á milli, en þó hafa fjölmargar erlendar rannsóknir sýnt fram á hið gagnstæða. Rehm og félagar gerðu yfirlitsrannsókn (*meta-analysis*) með 12 rannsóknum sem kannaði þetta samband. Niðurstöður úr rannsókn þeirra bentu til þess, að þeim mun meira áfengi sem einstaklingur innbyrðir, því meiri líkur eru á að hann sleppi því að nota getnaðarvarnir ef hann stundar samfarir á meðan hann er undir áhrifum (Rehm, Shield, Joharchi og Shuper, 2011).

Sú tilgáta að tengsl væru á milli kyns og notkun getnaðarvarna var ekki studd. Ekki voru tengsl á milli kyns og notkun getnaðarvarna, nema þegar kom að getnaðarvarnarpillunni. Sú breyta var sú eina sem hafði tengsl við kyn. Tilgátan er því hvorki studd né hrakin að öllu leiti, en frekari rannsókna er þörf á.

Áframhaldandi rannsóknir og vankantar

Þörf er á frekari rannsóknum sem skoða áfengishegðun unglunga á Íslandi, en einnig samband þess við ýmsa áhættuhegðun. Sem dæmi má nefna að bæta megi við spurningalistann sem lagður er fyrir þegar skoða skal þessar breytur. Mikilvægt væri að bæta við fleiri spurningum sem næðu dýpri skilning á því hvernig birtingarmynd áfengishegðunar er, en einnig spurningar sem athuga hvernig viðhorf ungmenna er til neyslu á áfengi. Rannsókn Baghall og félaga sýndi fram á að þegar skoðað var viðhorf ungmenna til áfengis í Bretlandi var munur á þeim sem drekka mikið og þeim sem drekka minna. Þeir sem drekka meira magn áfengis voru til dæmis líklegri til þess að finnast unglíngadrykkja ekki alvarlegt vandarmál, en einnig líklegri til þess að nefna lægri tölu þegar spurt var um viðhorf um löglegan drykkjaldur (Baghall, 1990).

Vankantar í þessari rannsókn eru til dæmis að rannsakendur eru byrjendur, en mögulega hafði það áhrif á rannsóknarvinnu. Spurningarnar í HBSC gagnasafninu eru þess eðlis að

mögulegt gæti verið að þátttakendur hafi ekki greint rétt frá reynslu sinni af þeim athöfnum sem spurt var um, en kynhegðun og áfengisneysla eru oft viðkvæm umræðuefni. Einnig gæti verið að breytan samfarir sé ekki skilgreind nægilega vel, en margir gætu túlkað samfarir á ólíkan hátt, t.d. hvort að munnmök séu partur af samförum eða ekki, ásamt öðrum kynlífs athöfnum sem gætu fallið undir skilgreininguna. Ekki er spurt út í viðhorf til áfengis, en mögulega gæti það verið breyta sem hefði áhrif á það sem hér var kannað. Spurningar vantar sem spyrja út í ýmsar aðrar tegundir áhættuhegðunar, á borð við það að keyra fullur eða stunda aðra óæskilega hegðun undir áhrifum áfengis. Einnig geta aðrir vankantar komið upp þegar spurningalistar eins og þessi eru lagðir fyrir, en þátttakendur gætu til dæmis túlkað spurningarnar á mismunandi hátt, eða ekki haft fullann skilning á því um hvað verið er að spyrja um.

Samantekt

Tilgangur þessarar rannsóknar var að skoða hvort tengsl væru á milli magn áfengis sem neytt er hverju sinni og þess hvort samfarir væru búnar að eiga sér stað hjá þátttakendum, en einnig var kannað hvort drykkjuhegðun hefði tengsl við notkun getnaðarvarna. Magn áfengis gat sagt til um reynslu af því að stunda samfarir meðal þátttakenda. Magn áfengis gat hins vegar ekki sagt til um áhættukynhegðun, þ.e. að notast ekki við getnaðarvarnir. Að lokum hafði kyn ekki áhrif á notkun neinna getnaðarvarna, nema getnaðarvarnarpillunnar. Áfengisneysla gat upp að vissu marki endurspeglad kynhegðun íslenskra ungmenna í 10. bekk.

Heimildir

- Agmo, A. (2007). *Functional and dysfunctional sexual behavior*. London: Elsevier.
- Alati, R., Baker, P., Betts, K. S., Connor, J. P., Little, K., Sanson, A. og Olsson, C. A. (2014). The role of parental alcohol use, parental discipline and antisocial behaviour on adolescent drinking trajectories. *Drug and alcohol dependence*, 134(1), 178-184. doi:10.1016/j.drugalcdep.2013.09.030
- Baghall, G., Foster, J. og Plant, M. (1990). Teenage heavy drinkers: Alcohol-related knowledge, beliefs, experiences, motivation and the social context of drinking. *Alcohol and alcoholism*, 25 (6), 691-698. doi:10.1093/oxfordjournals.alcalc.a045067
- Benotsch, E. G., Snipes, D. J., Martin, A. M. og Bull, S. S. (2013). Sexting, substance use, and sexual risk behavior in young adults. *Journal of adolescent health*, 52(3), 307-313. doi:10.1016/j.jadohealth.2012.06.011
- Boden, J., M. og Fergusson, D. M. (2011). The short and long term consequences of adolescent alcohol use. *Young people and alcohol: Impact, policy, prevention and treatment*, 32-46.
- Buhi, E. R. og Goodson, P. (2007). Predictors of adolescent sexual behavior and intention: A theory-guided systematic review. *Journal of adolescent health*, 40(1), 4-21. doi:10.1016/j.jadohealth.2006.09.027
- Chainey, T. A. og Stephens, C. (2014). ‚Let’s get wasted‘: A discourse analysis of teenagers’ talk about binge drinking. *Journal of health psychology*, 21(5), 628-639. doi:10.1177/1359105314532972

- Epstein, M., Bailey, J., Manhart, L., Hill, K. og Hawkins, J. (2014). Sexual risk behavior in young adulthood: Broadening the scope beyond early sexual initiation. *HHS Public Access*, 51(7): 721-730. doi:10.1080/000224499.2013.849652.
- Gagnon, J. H. og Simon, W. (2011). *Sexual conduct*. London: Aldine Transaction.
- Gallimberti, L., Chindamo, S., Buja, A., Forza, G., Tognazzo, F., Galasso, L., Vinelli, A., Baldo, V. (2011). Underage drinking in saturday nights, sociodemographic and environmental risk factors: a cross-sectional study. *Substance Abuse Treatment, prevention and policy*, 6(15). doi: 10.1186/1747-597X-6-15
- Goldstein, A., Déry, N., Pilgrim, M., Loan, M. og Becker, S. (2016). Stress and binge drinking: A toxic combination for the teenage brain. *Neuropsychologia*, 90, 251-260. doi:10.1016/j.neuropsychologia.2016.07.035
- Hasin, D. B., Stinson, F. S., Ogburn, E. og Grant, B. F. (2007). Prevalence, Correlates, Disability, and Comorbidity of DSM-IV Alcohol Abuse and Dependence in the United States. *Arch Gen Psychiatry*, 64(7), 830-842. doi:10.1001/archpsyc.64.7.830
- Kiene, M. S., Barta, D. W., Tennen, H., og Armeli, S. (2009). Alcohol, Helping Young Adults to Have Unprotected Sex with Casual Partners: Findings from a Daily Diary Study of Alcohol Use and Sexual Behavior. *Journal of Adolescent Health*, 44(1), 73-80. doi:10.1016/j.jadohealth.2008.05.008
- Kiene, S. M., Barta, W. D., Tennen, H. og Armeli, S. (2009). Alcohol, helping young adults to have unprotected sex with casual partners: Findings from a daily diary study of alcohol

- use and sexual behavior, *Journal of adolescent health*, 44(1), 73-80.
doi:10.1016/j.jadohealth.2008.05.008
- Kuntsche, E., Rossow, I., Simons-Morton, B., Bogt, T., Kokkevi, A. og Godeau, E. (2012). Not early drinking but early drunkenness is a risk factor for problem behaviors among adolescents from 38 European and North American countries. *Alcoholism: Clinical and experimental research*, 37(2): 308-314. doi:10.1111/j.1530-0277.2012.01895.
- Lalor, K. Og McElvaney, R. (2010). Child sexual abuse, links to later sexual exploitation/high-risk sexual behavior, and prevention/treatment programs. *Trauma, violence and abuse*, 11(4), 159-177. doi:10.1177/1524838010378299
- McCambrigde, J., McAlaney, J. og Rowe, R. (2011). Adult consequences of late adolescent alcohol consumption: A systematic review of cohort studies. *PLOS Medicine*, 8(2), 1-13. doi:10.1371/journal.pmed.1000413
- Olsson, C. A., Romaniuk, H., Salinger, J., Staiger, P. K., Bonomo, Y., Hulbert, C. og Patton, G. C. (2016). Drinking patterns of adolescents who develop alcohol use disorders: results from the Victorian Adolescent Health Cohort study. *BMJ open*, 6(2), 1-10. doi:10.1136/bmjopen-2015-010455
- Plant, M. og Miller, P. (2001). Young people and alcohol: an international insight. *Alcohol and alcoholism*, 36(6), 513-515. doi:10.1093/alcalc/36.6.513
- Rehm, J., Shield, K., D., Joharchi, N. og Shuper, P., A. (2012). Alcohol consumption and the intention to engage in unprotected sex: systematic review and meta-analysis of experimental studies. *Addiction*, 107(1), 51-59.

- Ritchwood, T. D., DeCoster, J., Metzger, I. W., Bolland, J. M. og Danielson, C. K. (2016). Does it really matter which drug you choose? An examination of the influence of the type of drug on type of risky sexual behavior. *Addictive behaviors*, 60, 97-102.
doi:10.1016/j.addbeh.2016.03.022
- Shavit, T., Rosenboim, M. og Shani, Y. (2014). Time preference before and after a risky activity – A field experiment. *Journal of economic psychology*, 43, 30-36.
doi:10.1016/j.joep.2014.04.005
- Shuper, P. A., Joharchi, N. Irving, H. og Rehm, J. (2009). Alcohol as a correlate of unprotected sexual behavior among people living with HIV/AIDS: Review and meta-analysis. *AIDS and behavior*, 13(6), 1021-1036. doi:10.1007/s10461-009-9589-z
- Simons, J. S., Maisto, S. A. og Wray, T. B. (2010). Sexual risk taking among young adult dual alcohol and marijuana users. *Addictive behaviors*, 35(5), 533-536.
doi:10.1016/j.addbeh.2009.12.026
- Skeel, R., L., Neudecker, J., Pilarski, C. og Pytlak, K. (2007). The utility of personality variables and behaviorally- based measures in the prediction of risk-taking behavior. *Personality and individual differences*, 43(1), 203-214. doi:10.1016/j.paid.2006.11.025
- Swahn, M. H. og Bossarte. R. M. (2007). Gender, early alcohol use, and suicide ideation and attempts: findings from the 2005 youth risk behavior survey. *Journal of adolescent health*, 41(2), 175-181. doi:10.1016/j.jadohealth.2007.03.003
- Tucker, J., S., Ryan, G., W., Golinelli, D., Munjas, B., Wenzel, S., L., Kennedy, D., P., Green, H., D. og Zhou, A., (2012). Substance use and other risk factors for unprotected sex:

results from an event-based study of homeless youth. *Aids and behavior*, 16(6), 1699-1707. doi:10.1007/s10461-011-0017-9

Veselska, Z. D., Geckova, A. M., Orosova, O. og Reijneveld, S. A. (2008). Self-esteem and resilience: the connection with risky behavior among adolescents. *Addictive behaviors*, 34(3), 287-291. doi:10.1016/j.addbeh.2008.11.005

World Health Organization. (2017, apríl). Data and statistics. sótt af

<http://www.euro.who.int/en/health-topics/disease-prevention/alcohol-use/data-and-statistics>.

Zimmer-Gembeck, M., J. Og Helfand, M. (2008). Ten years of longitudinal research on U.S. adolescent sexual behavior: Developmental correlates of sexual intercourse, and the importance of age, gender and ethnic background. *Developmental review*, 28(2), 153-224. doi:10.1016/j.dr.2007.06.001